

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-16/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 13. febrúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna. Álitsbeiðandi hefur þegar greitt reikninginn en krefst þess að seljanda verði gert að endurgreiða honum hluta fjárhæðarinnar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 13. febrúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 19. febrúar 2019. Álitsbeiðanda voru send andsvör seljanda 21. febrúar 2019 og honum bent á heimild sína til að senda inn athugasemdir við andsvörin. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar 1. mars 2019. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 15. nóvember 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir þjónustu seljanda haustið 2018 við að skipta um útiljós á fjórum stigahúsum í fjölbýlishúsi. Hafði álitsbeiðandi upphaflega samband við seljanda í síma en sendi seljanda síðar tölvupóst þar sem hann óskaði eftir því að einnig yrði skipt um perur í átta útiljósum á sorpgeymslum og ljósastaur sem lýsir innkeyrslu í bifreiðakjallara. Í tölvupóstinum, sem sendur var 19. nóvember 2018, segir álitsbeiðandi: „Þegar þið komið að skipta um stigahúsútiljósinn, vil ég biðja þig um að líta einnig á lýsinguna niður í bílageymsluna; það logar ekki á ljósastaur sem á að lýsa upp rampinn niður í hana. Einnig að endurnýja perur í útiljósum utan á sorpgeymslunum; mér sýnist öll vera dauð nema fyrir stigahús 7.“

Síðar segir álitsbeiðandi að hann hafi fengið þær upplýsingar frá seljanda að margir mánuðir væru þar til seljandi kæmist í að skipta um útiljósinn en seljandi gæti skipt um perurnar. Seljandi skipti svo um perurnar nokkru síðar en álitsbeiðandi kveðst ekki hafa nákvæma dagsetningu á því hvenær verkið var unnið. Barst álitsbeiðanda svo reikningur, dags. 31. desember 2018, að fjárhæð 125.791 krónur með virðisaukaskatti. Í reikningi seljanda er kostnaðurinn sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

Flúrpera 18w lumlux 8 stykki = 3.336,29 krónur.

Flúrpípa 36w lumlux 4 stykki = 1.836,29 krónur.

Kvikasilfurspera hql 125w eitt stykki = 1.513,71 krónur.

Spennir 125w í lampa eitt stykki = 2.658,06 krónur.

Verkfæragjald rafvirkja 5,7% x 1 = 2.658,06 krónur.

Tímavinna 11 x 7.400 = 81.400 krónur.

Akstur x 2 = 6.400 krónur.

Innheimtubréf var síðar sent til álitsbeiðanda vegna reikningsins, sem dagsett var 20. janúar 2019. Var þar krafist greiðslu reikningsins ásamt áföllnum kostnaði, alls 126.139 krónur. Álitsbeiðandi kveðst hafa greitt reikninginn þann 31. janúar 2019 til að komast hjá frekari viðbótarkostnaði.

Álitsbeiðandi telur að greiðslukrafa seljanda sé of há fyrir þá vinnu sem innt var af hendi. Krafist er greiðslu fyrir 11 klukkustundir í vinnu en álitsbeiðandi kveðst sjálfur hafa skipt um samskonar peru á tíu mínútum.

Í reikningi vegna þjónustunnar segir að verkið hafi verið framkvæmt 5. desember 2018 en í því fólst samkvæmt reikningnum: „Gert við útljós skipt um ballest og peru, skipt um perur í ruslageymslum sóttir varahlutir, frágangur.“ Álitsbeiðandi telur að sex klukkustundir væru meira en nóg fyrir slíka vinnu.

Álitsbeiðandi hafði samband við annan af tveimur forsvarsmönnum seljanda og spurði hvort fjárhæð reikningsins væri rétt eða hvort um misskilning væri að ræða. Sá aðili sagði að reikningurinn væri réttur og sagði svo að annar forsvarsaður fyrirtækisins muni hafa samband og útskýra reikninginn. Slík skýring barst hins vegar ekki að sögn álitsbeiðanda.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að tveir starfsmenn hafi farið í verkið þann 5. desember 2018 með stóran stiga. Að sögn seljanda var fyrirtækið að reyna að spara álitsbeiðanda kostnað við að „leigja spjót með flutningi og tilheyrandi kostnaði til að lagfæra ljós í ljósastaur við innkeyrslu að bílageymslu“. Við slíka vinnu í stórum stiga þarf ávallt tvo starfsmenn að sögn seljanda.

Seljandi segir að komið hafi í ljós við vinnu verksins að búnaður í ljósi væri ónýtur og varð því að taka ljósið niður af ljósastaurnum og lagfæra það á verkstæði seljanda. Þar hafi þurft að sækja varahluti í ljósið og perur í önnur ljós sem þurfti að fara yfir. Þegar búíð var að gera við ljósið urðu svo tveir starfsmenn að fara aftur á staðinn með stiga og setja lampann upp að nýju og tengja hann. Að því loknu var farið að skipta um perur í útljóssum á ruslageymslum og inni í ruslageymslum í fjórum stigagöngum. Þar þurfti að sögn seljanda að skríða inn um opin gluggaop á ruslageymslunum þar sem ruslageymslurnar hafi verið læstar. Síðar hafi ljósin verið prófuð og gengið frá. Í verkið fóru fimm og hálf klukkustund í vinnu tveggja manna þar sem ekki er forsvaranlegt að sögn seljanda að farið sé upp í stiga í þessari hæð, nema stiganum sé haldið á meðan.

Seljandi segir að málið sýni fram á að velja beri öruggustu og stundum dýrari aðferð til að vinna verkin og sleppa því að nota stigann, þar sem einstaklingar geri sér oft ekki grein fyrir vinnunni sem liggur að baki verksins. Seljandi telur að greiðslukrafan sé sanngjörn miðað við umfang verksins.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að seljandi geri tölvuvert „úr því hve erfiðar og jafnvel hættulegar aðstæður hafi verið, mannskapurinn lagt sig í hættu við að skríða inn um gluggana á útigeymslunum fjórum“. Álitsbeiðandi bendir á að einfalt hefði verið að biðja um lykil að geymslunum auk þess sem ekki hafi verið beðið um að skipt yrði um perur inni í geymslunum heldur aðeins fyrir utan. Telur álitsbeiðandi að töluverður tími hafi farið í að skipta um perur inni í geymslunum miðað við lýsingu seljanda en aldrei hafi verið beðið um slíka vinnu. Seljandi verður að sögn álitsbeiðanda að bera ábyrgð á slíkum mistökum þar sem verkbeiðnin hafi verið skýr.

#### VI

##### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Kærunefndin hefur í álitum sínum talið að skýra megi 3. mgr. 1. gr. laganna svo að þegar húsfélög eru ekki að kaupa þjónustu í atvinnuskyni né hafi þau atvinnurekstur með höndum, hafi þau sömu réttarstöðu og einstaklingar samkvæmt lögnum. Er sú niðurstaða byggð á því að í húsfélagi eru einstaklingar sem hver um sig hafa einstaklegra, fjárhagslegra hagsmuna að gæta þegar kemur að útgjöldum sem stofnað er til á vegum félagsins. Að áliti nefndarinnar er svo háttáð í máli þessu.

Líkt og að framan er rakið óskaði álitsbeiðandi eftir þjónustu af seljanda sem fólst í að lagfæra lýsingu í ljósastaur hjá bílageymslu fjölbýlishússins að Z, og endurnýja perur í ljósum utan á sorpgeymslu. Seljandi skipti einnig um perur inni í sorpgeymslunum. Með reikningi, dags. 31. desember 2018, krafðist seljandi greiðslu að fjárhæð 125.791 krónur fyrir verkið. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu miðað við umfang verksins, en seljandi krafðist greiðslu fyrir 11 klukkustunda vinnu. Þá bendir álitsbeiðandi á að hann hafi ekki óskað eftir því að skipt yrði um perur inni í sorpgeymslum en seljandi virðist hafa eytt miklum tíma í þann hluta. Álitsbeiðandi gerir kröfu um endurgreiðslu á hluta fjárhæðarinnar sem greidd var fyrir verkið þann 31. janúar 2019 ásamt áföllnum kostnaði, en samtals greiddi álitsbeiðandi 126.139 krónur fyrir þjónustuna.

Kærunefndin álítur að 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

**28. gr.**

*Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.*

Í ákvæðinu felst að verð fyrir þjónustu er ákveðið með hliðsjón af því hve þjónustan er mikil, hvers eðlis hún er og hversu vel er unnið. Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við hvað yfirleitt tíðkast þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Af gögnum málsins verður ráðið að tveir starfsmenn hafi unnið verkið í fimm og hálfu klukkustund, samtals í 11 klukkustundir. Álitsbeiðandi óskaði eftir því að seljandi myndi „líta á“ lýsinguna í háum ljósastaur við bílastæðakjallara fasteignarinnar, þar sem ljósið logaði ekki. Voru tveir starfsmenn sendir á verkstað og sá einn starfsmaður um að skipta um peru og hinn sá um að halda stiga sem nota varð til að komast að ljósinu. Síðar kom í ljós að lagfæra varð búnað í ljósastaurnum og fóru báðir starfsmennirnir því aftur á starfsstöð seljanda þar sem viðgerð fór fram. Starfsmennirnir fóru svo aftur að fasteigninni, tengdu nýja lampann og skiptu um peru í ljósastaurnum. Kærunefndin verður að fallast á það með seljanda að það sé eðlilegt að tveir starfsmenn vinni verk sem framkvæmd eru í stiga í mikilli hæð. Fyrir liggur að vegna bilunar í ljósastaurnum skapaðist aukinn og jafnframt ófyrirsjáanlegur kostnaður vegna lengri vinnutíma tveggja starfsmanna auk aksturs til og frá verkstaði seljanda. Nefndin telur sér hins vegar ekki fært, með hliðsjón af gögnum málsins, að slá því föstu að vinna starfsmanna seljanda hafi tekið lengri tíma en eðlilegt er við sömu aðstæður.

Síðar skiptu starfsmennirnir um perur í útiljósum á ruslageymslunum og inni í ruslageymslunum. Af gögnum málsins verður ráðið að álitsbeiðandi hafi hins vegar aðeins óskað eftir því að skipt yrði um perur fyrir utan ruslageymslurnar. Kærunefndin telur að álitsbeiðanda beri ekki að greiða fullt verð fyrir þá þjónustu þar sem ekki var óskað eftir henni auk þess sem ekki liggur fyrir hvort þörf var á nýjum perum í ruslageymslunum. Seljandi hefur

ekki greint frá því hversu mikill tími fór í að klifra inn um op á ruslageymslunum til að skipta um perur þar inni. Álitur kærufndin hæfilega áætlað að um klukkustund hafi farið í þann hluta verksins fyrir hvorn starfsmann. Bar seljanda að álitu nefndarinnar að lækka greiðslukröfu sína sem nemur vinnu starfsmanna þann tíma, en seljandi krafðist samkvæmt útgefnum reikningi greiðslu að fjárhæð alls 18.352 krónur fyrir þann hluta verksins. Að álitu nefndarinnar ber seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda þá fjárhæð.

Nefndin telur sig ekki hafa forsendur til að fallast á lækkun reikningsins að öðru leyti.

## VII

### Álitsorð

Seljanda, Z, ber að endurgreiða álitsbeiðanda, X, fyrir vinnu starfsmanna í eina klukkustund, alls 18.352 krónur.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson